

EFTIRLITSSKÝRSLA



Íslensk Matorka - Fiskeldisstöðin Galtalæk Galtalæk, Hellu

Dags eftirlits	22.9.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Íslensk Matorka - Fiskeldisstöðin Galtalæk	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hlíðarsmára 6	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	480210-0930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Stefanía Karlsdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin ný frávik komu fram við eftirlit og engin ábending var sett fram. Eldra frávik er útstandandi en það varðar niðurrif á stöðinni.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit fór fram í fiskeldisstöð Íslenskrar Matorku ehf. í Galtalæk þann 22. september sl. Engin starfsemi hefur verið í stöðinni í rúm tvö ár og var það staðfest í eftirlitinu en það var einnig staðfest í eftirliti Umhverfisstofnunar þann 27. september 2018. Í því eftirliti var skráð frávik frá greinum 2.3 og 2.8 í starfsleyfisskilyrðum en ekki var gengið frá stöðinni á viðunandi hátt við rekstrarstöðvun. Í kjölfari af því var farið fram á tímasetta áætlun um niðurrif á stöðinni þar sem ljóst var að rekstraraðili ætlaði ekki að hefja starfsemi þar aftur.

Rekstraraðili óskaði þann 2. desember 2019 eftir niðurfellingu starfsleyfis og var það hluti af úrbótaáætlun vegna ofangreinds fráviks. Síðasta uppfærða úrbótaáætlun vegna niðurfellingarinnar barst Umhverfisstofnun 10. janúar 2020 þar sem fram kom að fyrirtækið hefði lóðina undir fiskeldisstöðinni í Galtalæk til umráð fram til september loka 2020. Í bréfinu kom jafnframt fram að fyrirhugaður frágangur og niðurrif færi fram sumarið 2020 og að rekstraraðili myndi tilkynna Umhverfisstofnun um lok frágangs, eigi síðar en í lok september 2020. Umhverfisstofnun óskaði eftir því að nánari tímasett áætlun vegna niðurrifs og frágangs myndi berast stofnuninni fyrir 30. apríl 2020. Slík áætlun hefur ekki borist og staðfest var í eftirliti 22. september sl. að niðurrifi og frágangi hefur ekki verið sinnt. Ofangreindu frávikum fylgt eftir með öðru bréfi.

ANNAÐ

Almennri umhirðu um stöðina er verulega ábótavant.

Fulltrúi Umhverfisstofnunar framkvæmdi eftirlitið með vitund rekstraraðila en fulltrúi rekstraraðila var ekki viðstaddur.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.12.2020

Steinunn Karlsdóttir

Steinunn Karlsdóttir